11. fundur hreppsnefndar Árneshrepps

Fundurinn var haldinn á skrifstofu Árneshrepps mánudaginn 24. Ágúst kl 20

Mætt til fundar: Sigrún Sverrisdóttir, Arinbjörn Berharðsson, Kristjana María Ásbjörnsdóttir, Þorgerður Lilja Björnsdóttir og Davíð Már Bjarnason sem kom inn sem varamaður fyrir Róbert H. Ingólfsson.

Sigrún oddviti stjórnar fundi en Þorgerður skrifar fundargerð.

1. Sorpmál í Árneshreppi

Rætt var um mikilvægi þess að halda betur utan um sorpsmál í Árneshreppi og fá þá yfirsýn sem þörf er á. Í Norðurfirði þarf að gera svæðið snyrtilegra og útbúa ruslagerði og verður það verkefni unnið áfram með landeigendum. Einnig þarf að hugsa nýja og snyrtilegri lausn varðandi tæmingu almenns sorps í víkinni. Farið verður í frekara samtal við Sorsamlag um skynsamlegar lausnir fyrir sveitarfélagið.

Aðrar lausnir til að spara kostnað við ferðir með sorp voru einnig ræddar, svosem pappapressur og lausnir varðandi lífrænt sorp og moltugerð. Hreppsnefnd fól sveitarstjóra að vinna þetta mál áfram í samráði við þau.

Einnig var almenn umræða um rusl og söfnun þess innan sveitarmarka og rætt um mikilvægi þess að sveitin okkar líti snyrtilega út og í öllum framkvæmdum og breytingum þurfi að tryggja að viðkomandi aðilar losi sig við rusl frekar en að það safnist upp.

2. N1 og bensíndælur

N1 ætla að setja upp nýja einingu fyrir olíu og bensín afgreiðslu í Norðurfirði. Rætt var um staðsetningu og lausnir. Hreppsnefnd er að afar þakklát N1 að vilja áfram starfrækja stöð hér enda gríðarlega mikilvæg þjónusta sem þeir veita. Hugmyndin er að sameina afgreiðslu fyrir bíla og báta með hentugri lausn. Hreppsnefnd vinnur málið áfram með N1 og landeigendum.

Einnig var rætt að mikilvægt væri að umferðahraði væri tekinn niður innan hafnarsvæðis og það verði að koma slitlag milli bryggjanna.

3. Ljósleiðaramál

Það á enn eftir að klára að leggja ljósleiðara á nokkra staði og ný hreppsnefnd hefur lagt áherslu á að koma þeim málum í forgang. Rætt var við Karl sem hefur séð um verkið og er hann væntanlegur til að fara yfir það sem er eftir og setja upp áætlun til að ljúka loks verkinu. Mikilvægt er að setja ljósleiðarakassa inn í hvert hús svo möguleiki til að tengjast ljósleiðara sé til staðar, núna eða seinna án mikillar fyrirhafnar.

4. Málefni eldri borgara

Ný hreppsnefnd vill skoða betur málefni eldri borgara og skoða úrræði Félagsþjónustunnar Stranda og Reykhóla sem eru í boði fyrir þennan hóp. Það er mikilvægt að þessi hópur fái þá þjónustu og stuðning sem hann þarf og viti hvert skal leita til að fá hann. Sveitarstjóra falið að vinna þetta áfram og auka aðgengi og upplýsingar varðandi þetta mál.

5. Siðareglur kjörinna fulltrúa í Árneshreppi

Siðareglur voru lagðar fyrir, samþykktar samhljóða og undirritaðar.

6. Trúnaðaryfirlýsing fulltrúa í nefndum

Hreppsnefnarfólk undirritaði trúnaðaryfirlýsingu og lögð var áhersla á að allir sem starfi í nefndum félagins skuli einnig undirrita. Sveitarstjóri vinnur verkefnið áfram og mun senda trúnaðaryfirlýsingu áfram, skoðað verður að nota rafræna undirritun.

7. Velferðarnefnd - fundargerð 60. Fundar 6.8.2026

Lagt fyrir hreppsnefnd til kynningar.

8. Fundargerðir nefnda sveitarfélagins

Fundargerð samgöngunefndar lesin og lögð fyrir hreppsnefnd til kynningar.

Ekki voru fleiri fundargerðir nefnda kynntar á fundinum.

9. Fjallskilaseðill 2026

Dagsverk voru endurreiknuð og betra jafnvægi milli bænda komið á. Fjallskil samþykkt.

10. Skólamál í Árneshreppi og samstarf við Strandabyggð

Áfram verður samstarf við Hómavík og börnin munu fara inn á Hólmavík einn dag í viku. Þrír nemendur verða í skólanum í vetur og Sigrún tekur að sér kennslu að sinni. Ekki gekk að ráða kennara en verður prófað að setja inn aðra auglýsingu. Keyptar verða fartölvur fyrir nemendur eins og hefð er fyrir á Hólmavík, sem rúmast innan áætlunar.

11. Hafnarsvæðið, umgengni og og annað á svæðinu

Hér var rætt almennt um umgengismál á hafnarsvæðinu. Skerpa þarf á umgengni við höfnina og reglur varðandi notkun við tækin svo sem lyftara og krana. Rætt var um Fiskhúsið og nýtingu á því yfir vetrartímann sem geymslu. Mikilvægt er að setja upp skipulag varðandi það eins og aðrar geymslur, hólfa upp og greiða sanngjarna leigu. Leiguleyfi fara í gegnum skrifstofu hreppsins.

Einnig var rætt um að helluleggja og vinna þetta áfram samhliða breytingum á sorpsvæði og nýjum bensíndælum. Vinna áfram í samvinnu með hafnarnefnd.

12. Umsögn um Hvalárlínu

Umsögn lögð fyrir til upplýsinga.

13. Umsögn um breytingu á byggðakvótakerfinu

Umsögn lögð fyrir til upplýsinga.

14. Landflutningar

Skoða þarf hvernig hægt er að bæta stöðu landflutninga í Árneshrepp. Hreppsnefnd vill rýna þetta mál og finna lausnir. Bæta þarf þjónustu við íbúa og rekstaraðila varðandi landflutninga norður í Árneshrepp.

Einnig var rætt um styrk frá Vegagerðinni varðandi flutninga til og frá flugvelli.

15. Fasteignamál og framkvæmdir

Hluti skipulagsnefndar ætla að taka út húsnæði hreppsins og meta hvar er brýnast að fara í viðhald. Mikilvægt að forgangsraða verkefnum og skipta verkefnum upp.

Mikilvægt að klára að setja upp varmadælur, í skóla og félagsheimili. Einnig var rætt um að flísaleggja þyrfti í Félagsheimili og fara yfir rafmagnsmál þar.

16. Önnur mál

Rætt var stuttlega um samgöngumál og mikilvægi þess að koma á virku samtali við Vegagerðina.

Fundi slitið kl.23:15